

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/91
komudagur 9.11.2006

14 Abindon Place
Auckland, Nýja-Sjálandi
8. nóvember 2006.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjósárverum

Þjósárveranefnd er Umhverfisstofnun til ráðuneytis um málefni friðlandsins í Þjósárverum. Hún skal þannig skipuð, að Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttamálafléags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Þjósárveranefnd hefur ekki haldið sérstakan fund vegna þessar þingsályktunartillögu. Aftur á móti hefur nefndin fjallað um framtíð Þjósárvera m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu og ályktað um stækkun friðlandsins. Nefndin byggir umfjöllun sína á hverjum tíma á þeirri þekkingu sem til er um náttúru Þjósárvera, enda gerði hún upphaflega tillögur um nauðsynlegar rannsóknir á svæðinu.

Á fundi Þjósárveranefndar 3. maí 2001 var samþykkt einróma að hafna „áformum um 6. áfanga Kvislaveitu“ og „einnig öllum hugmyndum um lón sem eru hærri en 575 m.y.s“, en frestaði „ákvörðun um lón í 575 m y.s.“ þar til „fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjósárvera“ lægi fyrir. Eftir frekari öflunar upplýsinga samþykkti Þjósárveranefnd með meirihluta atkvæða þann 27. maí 2002 eftirfarandi ályktun:

„Þjósárveranefnd beinir því til Náttúruverndar ríkisins að heimila ekki frekari virkjanaframkvæmdir í Þjósárverum. Búið er að raska verum austan Þjósár og með framkvæmdum við Norðlingaöldu mundi náttúruverndargildi Þjósárvera rýrna óhæfilega samanber meðfylgjandi greinargerð. Þjósárveranefnd hvetur Náttúruvernd ríkisins að vinna áfram að stækkun friðlandsins í Þjósárverum.“

Í samræmi við þessa ályktun er ljóst að meirihluti nefndarinnar styður stækkun friðlandsins. Sem formaður Þjósárveranefndar fagna ég þingsályktunartillögunni og bendi jafnframt á að eðlilegast væri að allt vatnasvið Þjósár ofan Sultartangalóns verði innan friðlandsmarkanna. Þannig mun friðlandið ná yfir landslagsheild sem markast af Kerlingarfjöllum í vestri, Hofsjökli í norðri og söndum austan og sunnan Þjósárvera.



Gísli Már Gíslason